

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vogabyggð, svæði 2 (Skutulstorg).

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 6. október 2021, breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar, svæði 2. Í breytingunni felst að byggingarreitur dreifistöðvar á Skutulstorgi er stækkaður úr 35 m² í 65 m², lögur og staðsetningu breytt og lóðarmörk fyrir reit 2-3 er breytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Úlfarsbraut 100-104 og 106-110.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 3. nóvember 2021, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðanna nr. 100-104 og 106-110 við Úlfarsbraut. Í breytingunni felst leiðrétting á húsnúmerum í deiliskipulagi ásamt því að gefin er heimild fyrir að einstakir byggingarhlutar megi skaga um allt að 60 cm út fyrir byggingarreit svala á suðurhlið húsanna. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lautarvegur 36.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 3. nóvember 2021, breytingu á deiliskipulagi neðan Sléttuvegar, stgr 1.179, vegna lóðarinnar nr. 36 við Lautarveg. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 10. nóvember 2021.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. nóvember 2021